

46. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 16. apríl 2008, kl. 16:15.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) Samband íslenskra sveitarfélaga 28. mars 2008
 - b) Samband íslenskra sveitarfélaga 7. apríl 2008
 - c) Stjórn SSNV 1. apríl 2008
 - d) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra 2. apríl 2008
 2. Boðun aðalfundar Veiðifélags Laxár í Skefilsstaðahreppi
 3. Boðun aðalfundar Vilko ehf.
 4. Boðun fulltrúaráðsfundar Textílseturs Íslands
 5. Erindi frá Sigursteini Guðmundssyni dags. 2. apríl 2008
 6. Erindi frá Landgræðslu ríkisins dags. 14. mars 2008
 7. Bréf frá Úrvinnslusjóði dags. 28. mars 2008
 8. Erindi vegna sorpförgunargjalda:
 - a) Bæjarblómið
 - b) Árbakkinn
 - c) Potturinn & Pannan
 9. Húsnæðismál
 10. Afsal Jóns Ísbergs á skógarreit til Blönduóssbæjar
 11. Sigurður Jóhannesson um stöðu íslensks landbúnaðar
 12. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
 - a) Samband íslenskra sveitarfélaga 28. mars 2008
Lögð fram til kynningar.

Bæjarráð Blönduóssbæjar tekur undir orð Kristjáns Möller samgönguráðherra sem komu fram á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 4. apríl sl. að hækka beri lágmarksfjölda íbúa í hverju sveitarfélagi úr 50 í að lágmarki 1000. Bæjarráð telur bryna nauðsyn að efla sveitarstjórnarstigið þannig að þau séu í stakk búin til að taka við frekari verkefnum.
 - b) Stjórn SSNV 7. apríl 2008
Lögð fram til kynningar
 - c) Stjórn SSNV 1. apríl 2008
Lögð fram til kynningar
 - d) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra 2. apríl 2008
Lögð fram til kynningar
2. Boðun aðalfundar Veiðifélags Laxár í Skefilsstaðahreppi
Aðalfundur Veiðifélags Laxár í Skefilsstaðahreppi, verður haldinn sunnudaginn 20. apríl.

Formaður bæjarráðs mætir fyrir hönd Blönduóssbæjar.
3. Boðun aðalfundar Vilko ehf.

Aðalfundur Vilko ehf. verður haldinn miðvikudaginn 23. apríl.

Bæjarráð sækir fundinn.

4. Boðun fulltrúaráðsfundar Textílseturs Íslands

Fulltrúaráðsfundur Textílseturs Íslands verður haldinn þriðjudaginn 22. apríl 2008.

Bæjarstjóri var kosinn í fulltrúaráð Textílseturs Íslands fyrir hönd Blönduóssbæjar.

5. Erindi frá Sigursteini Guðmundssyni dags. 2. apríl 2008

Óskað er eftir því að aksturshindranir sem komið hefur verið fyrir á Húnabrautinni verði endurskoðaðar.

Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

6. Erindi frá Landgræðslu ríkisins dags. 14. mars 2008

Landgræðslan vinnur að gerð héraðsáætlana. Frumdrög liggja fyrir og býður Landgræðslan upp á kynningu á þeim hluta sem varðar Blönduóssbæ. Jafnframt er óskað eftir samráði/samstarfi við framhald þessarar vinnu. Óskað er eftir að Blönduóssbær tilnefni tengilið varðandi áframhaldandi samskipti.

Bæjarráð óskar eftir því að Gauti Jónsson, formaður landbúnaðarnefndar taki að sér samskipti við Landgræðsluna.

7. Bréf frá Úrvinnslusjóði dags. 28. mars 2008

Á stjórnarfund 18. mars sl. samþykkti stjórn Úrvinnslusjóðs að breyta greiðslufyrirkomulagi söfnunarstöðvagjalda þannig að það verði innifalið í endurskoðaðri greiðslu til þjónustuaðila.

Lagt fram til kynningar.

8. Erindi vegna sorpförgunargjalda:

- a) Bæjarblómið
- b) Árbakkinn
- c) Potturinn & Pannan

Bæjarstjóra falið að svara erindum.

9. Húsnæðismál

Bæjarstjóri fór yfir stöðu húsnæðismála á Blönduósi.

10. Afsal Jóns Ísbergs á skógarreit til Blönduóssbæjar

Jón Ísberg hefur afhent Blönduóssbæ land, Blöndubakkann gegnt Hrutey, til eignar án endurgjalds.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda þakkarbréf til Jóns Ísbergs.

11. Sigurður Jóhannesson um stöðu íslensks landbúnaðar

Sigurður Jóhannesson fór yfir nýtt frumvarp landbúnaðarráðherra um frjálsan innflutning á kjötafurðum. Ef frumvarpið verður að lögum gæti það þýtt rothögg fyrir íslenskan landbúnað.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi ályktun: „Bæjarráð lýsir áhyggjum sínum yfir áhrifum af fyrirhugaðri innleiðingu á matvælalöggjöf ESB á stöðu landbúnaðar- og afurðastöðva. Ekki liggur fyrir úttekt á áhrifum matvælalöggjafarinnar sem nú er til meðferðar á Alþingi á stöðu einstakra svæða og því mikil óvissa framundan á íslenskum kjötmarkaði. Eðlilegra hefði verið að gefa lengri tíma og aðlögun fyrir íslenska framleiðendur. Bæjarráð Blönduóss óttast að framundan sé mikil blóðtaka í atvinnulífi á landsbyggðinni komi til þess að frumvarpið verði keyrt í gegn óbreytt og skorar á stjórnvöld að taka frumvarpið til gagngerrar endurskoðunar.

12. Önnur mál

Bæjarráð samþykkir að stefna að því að halda almennan íbúafund í lok maí.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:00

*Héðinn Sigurðsson(sign.)
Valgarður Hilmarsson(sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

*Áheyрnarfulltrúi:
Valdimar Guðmannsson(sign.)*